

# Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

05. tbl. • 11. árg. • Maí 2005

## Illa þokkuðu eftirliti aflétt

Nú rétt fyrir þinglokin afgreiddi Alþingi breytingu á lögum um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi sem Samtök iðnaðarins höfðu háð langa og nokkuð stranga baráttu fyrir.

Vorið 2001 létu stjórnvöld undan þrýstingi vörubifreiða-stjóra sem kröfðust meiri reglusetningar um starfssvið sitt og settu ný lög um landflutninga á Íslandi. Þá þegar vöruðu

Samtök iðnaðarins við lögunum en svo virtist sem þingmenn stæðu þá í þeirri trú að breytingunum væri ekki ætlað að ná til iðnfyrirtækja. Annað kom á daginn því að þegar Vegagerð og lögregla hófu umfangsmikil eftirlit vegna hinna nýju laga, var gengið fram af mikilli hörku gegn iðnfyrirtækjum eins og Mjólkurbúi Flóamanna, Gámaþjónustu Vestfjarða, Skóflunni í Borgarnesi og fjöldamörgum öðrum.

framhald á bls. 11

## Mikil þátttaka í lukkuleik Samtaka iðnaðarins og Fjarðarkaup



Hópur vinningshafa í lukkuleik Íslenskra sumardaga sem Samtök iðnaðarins, íslenskir framleiðendur og Fjarðarkaup stóðu fyrir sjá nánar á bls. 6

# Forgangsröðun samgöngumannvirkja

Því miður er ekki hefð fyrir því að einstakir stjórnarþingmenn skeri upp herör og beiti sér fyrir sjálfstæðum tillögum flutningi á Alþingi. Helst eru það einhver ópólitísk smámál t.d. um fána, fuglaveiðar eða hnefaleika sem fá að fljóta í gegn og verða að lögum eftir nokkrar tilraunir. Hefð er fyrir því að stjórnarþingmenn hafi hægt um sig en þingmenn í stjórnarandstöðu leggja fram fjöldann allan af frumvörpum sem samviskusamlega eru svæfð svefninum langa í þingnefndum.

## Rödd úr Kópavogi

Það er að vonum að breytingar tillögur Gunnars Birgissonar við fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2005-2008 vekji talsverða athygli. Í fyrsta lagi er Gunnar stjórnarþingmaður af SV-horninu. Í öðru lagi hefur hann faglega þekkingu á því sem um er að ræða. Síðast en ekki síst bera tillögur hans vott um að hann vill forgangsraða framkvæmdum í takt við arðsemi þeirra.

## Útdeiling vegafjár í maí

Það er einkennileg umræða sem á sér stað um útdeilingu vegafjár þessa dagana. Það er í sjálfu sér ótrúlegt að þessi umræða um framkvæmdir á árinu 2005 skuli vera á dagskrá í maímánuði á síðustu dögum þinghaldsins þegar löngu ætti að vera búið að bjóða út framkvæmdir ársins og verktakar ættu að vera byrjaðir á framkvæmdum eða a.m.k. að undirbúa þær. Það er nefnilega vitað að öllum verkum á helst að ljúka í október þó að dragist langt fram á sumar að bjóða út.

## Kjördæmapotið

Það er augljóst hverjum sem sækir Útboðsþing SI í janúar að áhersla í uppbyggingu opinberra bygginga og samgöngumannvirkja enduspeglast sterklega af því úr hvaða kjördæmi viðkomandi ráðherra kemur. Ekki þarf að færa fram nein dæmi þessu til sönn-



Sveinn Hannesson

unar enda öllum augljóst og hefur oftast en ekki verið aðhláturselfni verktaka á Útboðsþingum liðinna ára. Reyndar má stórlega draga í efa að stjórnsmálsmenn eigi að vera að vasast í því að skipta fjárveitingum til vega og hafna heldur einungis að ákveða heildarfjárveitingar til málaflokka en láta fagmenn um að forgangsraða verk-efnum.

## Sárabætur í formi samgöngumannvirkja

Það er kominn tími til að hætta að dýpka hafnir og leggja vegi sem sárabætur til íbúa þeirra staða sem hafa glatað efnahagslegum tilverugrunni sínum hvort sem það er vegna breyttra atvinnuhátta eða stjórnvaldsákvæðana. Þeim fjármunum er kastað á glæ og væru miklu betur komnir í aðstoð við íbúana sjálfa þannig að þeir annaðhvort geti flutt búferlum eða skapað sér ný atvinnutækifæri. Aukin menntun og markviss uppbyggingarstefna á sviði hátækni er miklu skynsamlegri fjárfesting en óarðbærar vegaframkvæmdir og ónotaðir flugvellir og hafnir á víð og dreif um landið.

## Arðsemi ráði forgangsröðun að mestu

Bæði er skynsamlegt og tímabært að forgangsraða opinberum framkvæmdum fyrst og fremst á grundvelli arðsemisútreikninga. Í þeim útreikningum á að sjálfsögðu að taka fullt tillit til umhverfisþátta, mengunar og slyshættu. Það er t.d. afar líklegt að arðbært sé að fækka þeim dauðagildrum sem einbreiðar brýr á hringveginum eru. Það er einnig hægt að taka inn í arðsemisútreikninga félagslega þætti eins og sérstök vandamál einstakra byggðar-

laga eða landshluta. Sjálfsagt væri það nauðsynlegt á meðan verið væri söðla um frá pólitískum ákvörðunum yfir í ákvarðanir byggðar á arðsemisútreikningum. Slíkir þættir gætu t.d. vegið að hámarki 20 - 25% í upphafi og færu síðan minnkandi.

## Allir tapa á vitleysunni

Þau átök, sem nú eiga sér stað um skiptingu fjár til samgöngumála, eru engum til góðs. Þjóðin í heild tapar á því að ráðast í óarðbærar framkvæmdir meðan arðbærari verkefni bíða. Ótaldar vinnustundir glatast hjá þeim sem nota samgöngumannvirki sem ekki anna umferðinni. Þetta er víthringur því að fyrirtækin þurfa að fjölga eigin bílum eftir því sem tafir eru meiri í umferðinni. Það þarf fleiri leigubíla eftir því sem fleiri sitja fastir í umferðinni. Þannig vindur vandinn upp á sig. Á sama tíma er tekin ákvörðun um að setja marga milljarða í jarðgöng sem fyrir tveim árum var frestað vegna hættu á efnahagsþenslu. Það er von að þjóðin sé ekki sammála svona undarlegum ákvörðunum og þær verða heldur ekki nein pólitísk lyftistöng fyrir þá sem að þeim standa.

## Enginn stuðningur

Það er meira en lítið furðulegt að sjá að Gunnar Birgisson fær engan stuðning við hófstílltar tilraunir sínar til að breyta áherslum í samgönguáætlun. Þvert á móti er hann sakaður um fjandskap við landsbyggðina. Þingmenn af SV-horninu þegja þunnu hljóði undir styrkum flokksaga og eru með því að nudda sér upp við kjósendur á landsbyggðinni. Það hefur margoft sýnt sig að skynsamlegar tillögur fá oft lítinn hljómgrunn í upphafi en þegar þær komast loks til framkvæmda eru allir undrandi á því af hverju var ekki löngu búið að breyta til. Það er synd hvað skynsemin á oft erfitt uppdráttar og ótaldar þær milljónir sem fara í súginn meðan vitleysan heldur áfram.

# Fjöður verður að fimm hænum

Á aðalfundi Málms fyrir skömmu var fjallað um þjónustu íslenskra fjármálastofnana og spurt hvort þær byggju við raunverulega samkeppni í þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki eða hvort þær væru í reynd nútíma einokun.

Frummælandi var Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands. Umræður urðu bæði fróðlegar og skemmtilegar en ekki komist að óyggjandi niðurstöðu frekar en við var að búast.

## Ótrúleg kostnaðarmyndun

Eitt af því sem rætt var um var ótrúleg kostnaðarmyndun þegar kemur að því að innheimta skuldir. Dæmi var lagt á borðið þessu til sönnunar. Upphafið var ósköp venjuleg viðskipti þar sem fyrirtæki í málmiðnaði fékk greitt fyrir vöru og þjónustu með skuldabréfi og seldi það eigin lánastofnun með bakábyrgð. Fyrirtækið átti ekki að vera í neinni taps-hættu því að skuldarinn tefldi fram tveim ábyrgðarmönnum sem lánastofnunin mat góða og gilda. Skuldin fór í vanskil og þegar hún var gjaldfelld um mitt ár 2000 voru eftirstöðvarnar 939 þúsund krónur.

## Lánastofnun hagnast á eigin seinangangi


Lánastofnunin var ekkert að flýta sér að krefja ábyrgðarmennina um greiðslu. Mánuðir og misseri liðu og allan þann tíma hlóð krafan á sig dráttarvöxtum og kostnaði. Þegar loks var látið sverfa til stáls fékkst ekki nema hluti kröfunnar sem ábyrgðarmenn greiddu eða rúmlega 813 þúsund krónur. Þá var ekki meira af þeim að hafa þar sem annar var látinn en hinn gjaldþrota. Málmiðnaðarfyrirtækið hafði að vísu fengið tilkynningar um vanskilin sem ábyrgðaraðili en aldrei verið krafði um greiðslu skuldarinnar.

Í janúar 2005 leysti fyrirtækið til sín kröfuna með áföllnum dráttarvöxtum og kostnaði samtals að fjárhæð 1.819 þúsund krónur.

## Fyrirtækið borgar brúsann

Með þessu er vonandi tryggt að enginn, sem að máli þessu kom, beri skarðan hlut frá borði - nema þá kannski málmiðnaðarfyrirtækið sem þurfti að borga allt saman auk þess að hafa framleitt vöru fyrir viðskiptavin sem ekki stóð í skilum. Fyrir það má auðvitað enginn annar en framleiðslufyrirtækið blæða en hins vegar vaknar sú spurning hvort það sé ekki allarðvænlegur atvinnurekstur að hnoðast með innheimtu-kröfur árum saman á fullum dráttarvöxtum og á góðu tíma-kaupi ef í bakhöndinni er traustur ábyrgðaraðili sem á endanum borgar brúsann.

Ingólfur Sverrisson



## Dæmi um kostnað sem hleðst upp:

<i>Höfuðstóll, gjaldfelldur</i>	939.452
<i>Samningsvextir til 10.07.2000</i>	12.824
<i>Dráttarvextir til 12.01.2005</i>	1.151.090
<i>Banka- og stimpilkostnaður</i>	2.280
<i>Innheimtuþóknun</i>	137.532
<i>Ritun greiðsluáskorunar</i>	33.000
<i>Birting greiðsluáskorunar</i>	3.750
<i>Fjárnámsbeiðni</i>	11.000
<i>Kostnaður vegna fjárnáms</i>	53.990
<i>Pingl. og stimpilgjöld (aftur)</i>	25.900
<i>Uppboðsbeiðni</i>	5.500
<i>Kostnaður vegna sjálfs uppboðsins</i>	33.786
<i>Kröfulýsing</i>	5.500
<i>Annar kostnaður</i>	8.000
<i>Vextir af kostnaði</i>	152.518
<i>Virðisaukaskattur</i>	56.484
<i>Innborgun frá ábyrgðaraðilum</i>	-813.343
<b>Samtals krónur</b>	<b>1.819.263</b>

# Bylting í söfnun, förgun og endurnýtingu sorps

Endurvinnsluiðnaður er vaxandi atvinnugrein bæði hér á landi og víðar. Með aukinni áherslu sem lögð hefur verið á að flokka, endurnýta og endurvinna úrgang hafa skapast tækifæri til að byggja upp starfsemi sem nýtir það hráefni sem fellur til á heimilum og í fyrirtækjum landsmanna.

Á síðustu árum hefur orðið bylting í úrgangsmálum hér á landi. Hér áður fyrr var öllu sorpi komið fyrir í sömu gryfjunni, mokað yfir eða eldur borinn í. Nú hafa verið byggð upp stranglega vöktuð urðunarsvæði og háhitabrennslur. Næsta skref er að minnka úrgang sem eytt er og nýta hann til annarrar framleiðslu en það krefst þess að úrgangur sé flokkaður.

Innan vébanda SI eru fyrirtæki sem

vinna við flokkun og með höndlun úrgangs, við endurvinnslu eða sinna söfnun og gámaþjónustu. Fjöldmörg önnur fyrirtæki stunda endurnýtingu og endurvinnslu sem tengist annarri kjarna-starfsemi, þar á meðal gúmmi-, plastiðnaðarfyrirtæki og málmsteypur.

Löggjöf á þessu sviði er orðin nokkuð umfangsmikill. Meðal markmiða, sem þar eru sett fram, er að hér á landi skuli endurvinna eða endurnýta ákveðið magn af tilteknum úrgangi. Ljóst er að þau markmið nást ekki nema með samstarfi stjórnvalda, sveitarfélaga og atvinnulífis. Samtök iðnaðarins og atvinnurekendur í þessum geira taka ríkan þátt í þeirri vinnu, m.a. með samstarfi við Úrvinnslusjóð og starfi í Fagráði um endurnýtingu og úrgang (FENÚR).

## Ragnar Á. Kristinsson, framkv.stj. Gámaþjónustu Vestfjarða:

### „Sóknarfærin liggja í endurvinnslu“

Gámaþjónusta Vestfjarða er eitt þeirra fyrirtækja sem hefur sérhæft sig í sorphirðu og förgun sorps. Það var stofnað á Ísafirði árið 1988 enda var þá full þörf á úrbótum varðandi söfnun og flutning úrgangs. Eigendur þess eru Ragnar Á. Kristinsson og kona hans Sigríður Þóra Hallsdóttir en viðskiptavinir þeirra eru fyrirtæki, stofnanir og heimili á Vestfjörðum.

Í byrjun var fyrirtækið með einn gám og einn starfsmann en þeir eru nú orðnir 10 talsins. Ragnar Ágúst, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að ávallt hafi verið lögð áhersla á að nýta nýjustu tækni við hirðu og flutning úrgangs. Þá hafi umhverfissjónarmið verið höfð í fyrirrúmi og vel sé fylgst með þróun umhverfismála utan lands sem innan. Unnið sé markvisst að því að minnka sorpið og auka flokkun þess.

### Sorpið sótt um langan veg

Haustið 1992 tók fyrirtækið í notkun fyrsta sorppressubílinn á Vestfjörðum. Með þeim bíl segir Ragnar að náðst hafi talsverð hagræðing t.d. við hirðingu sorps úr söfnunargámum. Þá var einnig farið að nota svonefnda Midi gáma og 600 -1000 lítra kör sem gagnast vel þegar langt er í förgunarstað. Fyrir rúmum tíu árum tók Gámaþjónusta Vestfjarða við sorphirðu og gámalosun á Flateyri og síðan bættust við sveitarfélögin á norðanverðum Vestfjörðum hvert af öðru og nú sér fyrirtækið um alla sorphirðu og gámalosun á svæðinu. Ragnar Ágúst segir það nýjung að á síðasta ári var sorphirða og sorpeyðing í Vesturbyggð og Tálknafirði boðin út. „Tilboði okkar var tekið og öllu sorpi þaðan er eytt í Funa á Ísafirði. Fyrirtækið er nú með 5 pressugáma sem rúma 50 tonn af úrgangi en það er rúmlega mánaðarskammtur.“ Ragnar Ágúst segist mjög ánægður með samvinnuna við stjórnendur sveitarfélaganna og segir bættar samgöngur hafa

### Gamli og nýi tíminn



átt mikinn þátt í að fyrirtækið sá sér hag í að sækja sorp um svo langan veg.

### Vaxandi áhugi á umhverfismálum

Ragnar Ágúst telur að með áhuga stjórnvalda og almennings á umhverfismálum sé framtíð fyrirtækisins björt. Horft sé í æ ríkara mæli til endurvinnslu og þar liggja ekki síst sóknarfærin enda akurinn óplægður í þeim efnum. Hann nefnir sem dæmi vinnslu brotajárns og flutning á því og enn fremur jarðgerð úr lífrænum úrgangi sem fellur til í fyrirtækjum, stofnunum og á heimilum. „Á Vestfjörðum er lítið undirlendi til að urða sorp og mikil hagræðing fólgin í að brenna úrganginn þar eð hann endurnýttist sem orka.“ Ragnar Ágúst telur að markmið um endurnýtingu úrgangs náist og væntir góðs af samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisyfirvöld hér eftir sem hingað til.

Eigendur Gámaþjónustu Vestfjarða hafa hug á að færa út kvíarnar og eru nú með augastað á samstarfi við sveitarfélög á Austur-Grænlandi. Nú er sorp þaðan flutt til Danmerkur en Ísafjörður er í ólíkt ákjósanlegri fjarlægð og þar er einnig mjög fullkomin sorporkustöð eins og áður er getið.

Þóra Kristín Jónsdóttir

# Samstarfsvettvangur um hönnun tekinn til starfa

Hinn 1. maí sl. hófst starfsemi Samstarfsvettvangs um hönnun en hann er til húsa hjá Impru á Iðntæknistofnun. Vettvangurinn byggist á samstarfs-samningi iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta, Samtaka iðnaðarins, Iðntæknistofnunar, Útflutningsráðs Íslands og Aflvaka en samningurinn gildir til þriggja ára.

Þessir aðilar ásamt Form Ísland stóðu fyrir metnaðarfullri stefnumótunarvinnu undir stjórn Samtaka iðnaðarins á síðasta ári þar sem framtíðarsýn, forsendur og áhersluverkefni voru mótuð. Stjórn vettvangsins var formlega skipuð í byrjun þessa árs og hefur unnið að því að ganga frá stefnumótunarvinnunni og skipulagi framkvæmdar hennar.

Guðbjörg Gissurardóttir hefur nú verið ráðin framkvæmdastjóri Samstarfsvettvangs um hönnun en hún var valin úr hópi rúmlega 50 umsækjenda. Guðbjörg var brautskráð frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands sem grafískur hönnuður árið 1994 og lauk meistaranámi í „Communication Design“ árið 1997 frá Pratt Institute í New York. Hún

hefur starfað við grafíska hönnun og auglýsingagerð bæði á Íslandi og í New York. Undanfarin ár hefur hún verið sjálfstætt starfandi við hönnun, ímyndarvinnu, kennslu og bókaútgáfu.

Guðbjörg, sem er 36 ára gömul, segir mjög mikilvægt að styrkja íslenska hönnuði og styðja við bakið á þeim. „Fjöldi þeirra hefur þegar lagt sitt af mörkum við undirbúning þessa samstarfsvettvangs með það að markmiði að leggja grunn að innihaldsríku umhverfi þar sem hönnuðir geta leitað á einn stað eftir upplýsingum, stuðningi og innblæstri. Hingað til hafa hönnuðir mikið til unnið hver í sínu horni en með sameiginlegum gagnagrunni og aðgangi að ráðgjöf gæti mikill tími sparast við upplýsingaleit, ný tækifæri skapast, nýir markaðir opnast, dýrmæt reynsla nýst og tilfinning fyrir hönnunarsamfélagi þróast.“

## Dýrmæt auðlind

Guðbjörg segir ýmislegt jákvætt hafa átt sér stað í íslenskri hönnun síðastliðin ár en þá dýrmætu auðlind megi nýta mun betur. „Evrópuríkin hafa flest gert sér grein fyrir mikilvægi hönnunar




Guðbjörg Gissurardóttir

í síharðnandi samkeppni og hafa komið á fót hönnunarmiðstöðvum til stuðnings innlendri hönnun. Skilningur stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja á mikilvægi hönnunar fyrir íslenskt atvinnulíf er forsenda þess að unnt sé að halda úti öflugri hönnunarmiðstöð á Íslandi. Vilji til að taka þátt í markvissri uppbyggingu íslenskrar hönnunar þarf einnig að vera fyrir hendi. Gott samstarf og þátttaka hönnuða og fagfélaga í uppbyggingu og rekstri slíkrar miðstöðvar eru einnig lyklatríði.“

framhald bls. 8

## Íslensk framleiðsla áberandi á sýningunni í Brussel

Hin þekktu sjávarútvegssýning í Brussel fór fram í lok aprílmánaðar. Auk mikillar fjölbreytni margs konar sjávarfangs voru vélar og tæki til vinnslu alls sem úr sjó kemur mjög í sviðsljósinu. Þar sýndu nokkur íslensk fyrirtæki vörur sínar, vélar og tæki og stóðust greinilega allan samanburð í tæknilausnum og gæðum. Í sumum tilvikum voru þau greinilega fremri en keppinautarnir. Nægir þar að nefna fyrirtæki eins og Marel, Skagann og Samey en þau sýndu öll nýjungar sem vöktu verðskuldaða athygli.



Væntanlegur viðskiptavinur Marel hf. þarf að fá góðar skýringar á hvornig vélasamstæða snyrtir flökin með aðstoð tölvusjónar

Ingólfur Árnason hjá Skaganum hf. útskýrir hvornig nýja sjálfvirka flakaskurðarvélina vinnur



Hönnun margra íslensku sýningarbásanna var til fyrirmyndar



# Hlaut flugferð fyrir tvo í lukkuleik Íslenskra sumardaga í Fjarðarkaupum

Þúsundir viðskiptavina verslunarinnar Fjarðarkaupa í Hafnarfirði tóku þátt í lukkuleik Íslenskra sumardaga sem Samtök iðnaðarins, íslenskir framleiðendur og Fjarðarkaup efndu til dagana 28. apríl til 7. maí síðastliðinn. Nöfn þrettán heppinna viðskiptavina voru dregin úr potti með innsendum lukku miðum og fór útdrátturinn fram í beinni útsendingu á Bylgjunni 9. maí.

Hvern virkan dag, meðan á íslenskum sumardögum stóð, hlaut einn heppinn viðskiptavinur Fjarðarkaupa glæsilega gjafakörfu frá íslenskum framleiðanda auk þess sem heppinn hlustandi Bylgjunnar gat unnið til verðlauna með því að svara laufletttri spurningu.

Íslenskir sumardagar í Fjarðarkaup-

um voru liður í landsátakinu „Pitt val skiptir máli“ sem hófst í ágúst í fyrra. Lögð var áhersla á að framleiðendur kynntu nýjungar í íslenski framleiðslu og áhugaverða framsetningu á vöru og þjónustu. Að áttakinu standa Samtök iðnaðarins og aðildarfyrirtæki þess.

Brynjar Ragnarsson



Íslenskra gat það ekki orðið! Ragnheiður Ólafsdóttir, kynningarfulltrúi íslenska borðsins, vakti athygli neytenda á íslenski framleiðslu klædd íslenska þjóðbúningnum



Sara Atladóttir hlaut aðalvinninginn í lukkuleik Íslenskra daga í Fjarðarkaupum, flugferð fyrir tvo til eins af áfangastöðum Flugfélags Íslands og gjafakippu af svalandi Toppi frá Samtökum iðnaðarins

## Útreikningur olíugjalds

Olíugjald kemur í stað þungaskatts hinn 1. júlí næstkomandi. Athygli félagsmanna er vakin á reiknivél á vefsetri Samtaka iðnaðarins si.is en hún reiknar út og ber saman olíugjaldið og núverandi þungaskatt. Reiknivélin er aðgengileg á forsiðu og þurfa menn að setja inn tölur um þyngd, olíunotkun og árlegan akstur og þá reiknar vélin út gjöldin og ber saman núverandi gjöld og nýja olíugjaldið að viðbættu nýju kílómetragjaldi sem leggst á bíla þyngri en 10 tonn.

Árni Jóhannsson

### Olíugjald eða þungaskattur - samanburður

Reiknivél sem sýnir kostnaðarbreytinguna sem mýsamþykkt lög um olíugjald og kílómetragjald o.fl. hafa í för með sér.

#### Forsendur

Leyð heildarþyngd okutækis :  (kg)

Leyð heildarþyngd vagns :  (kg)

Akstur á ári :  (km)

Olíueyðsla pr. 100 km :  (l/100km)

#### Niurstoður

	án VSK	með VSK
Núverandi þungaskattur:	1.024.650 kr.	1.024.650 kr.
Olíugjald að viðbættu kílómetragjaldi:	1.061.280 kr.	1.217.078 kr.
Breyting:	hækkar 3,57%	hækkar 18,77%



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
5. tbl. Maí 2005  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmíðu: 18.05.2005  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Lárus Karl Ingason,  
forsíða, bls. 6.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í sílikum tilvikum.

# Starfsleyfi og mengunarvarnir

Fjöldmörg fyrirtæki þurfa að fá starfsleyfi frá heilbrigðisnefndum eða Umhverfisstofnun. Starfsleyfi eru gefin út fyrir hvert fyrirtæki sérstaklega en þótt hefur skorta leiðbeiningar og samræmingu við gerð þeirra. Nú er unnið að því að samræma starfsleyfisgerð undir stjórn Umhverfisstofnunar með aðkomu heilbrigðiseftirlits og Samtaka iðnaðarins.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi til rekstraraðila fyrirtækja. Í því felst leyfi til að reka tiltekna starfsemi að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í leyfinu. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfar í umboði heilbrigðisnefnda og sinnir útgáfu starfsleyfa og eftirliti með atvinnurekstri. Landinu er skipt í 10 eftirlitssvæði. Umhverfisstofnun samræmir vinnu á landsvísi en án þess þó að hafa beint boðvald yfir heilbrigðiseftirliti.

## Starfsleyfisskilyrði

Til leiðbeiningar við gerð starfsleyfis eru gefin út starfsleyfisskilyrði þar sem fram koma lágmarkskröfur sem gilda um atvinnurekstur. Skilyrðin eru þrens konar:

- *Almenn starfsleyfisskilyrði sem gilda fyrir alla mengandi starfsemi*
- *Sértæk starfsleyfisskilyrði sem gilda fyrir tiltekna tegund fyrirtækja á tilteknu eftirlitssvæði.*
- *Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir tiltekna tegund fyrirtækja gefin út af Umhverfisstofnun*

Starfsleyfisskilyrði taka ekki gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt í heilbrigðisnefnd á viðkomandi svæði. Samræmdu skilyrðin eru því einungis leiðbeinandi en ekki bindandi fyrir heilbrigðisnefndir. Reynslan sýnir að í mörgum tilvikum eru þau samþykkt óbreytt.

## Starfsemi sem getur haft mengun í för með sér

Lítum nánar á efni starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft mengun í för með sér. Líta má svo á að í starfsleyfi sé sett fram samantekt um ákvæði í lögum og reglugerðum sem eiga við um reksturinn. Stundum taka kröfur í reglugerðum mið af aðstæðum, s.s. um hávaða, lykt, frárennsli eða losun lofttegunda. Því er gert ráð fyrir að gefið sé út starfsleyfi fyrir hvert og eitt fyrirtæki. Þannig gefst svigrúm til að laga kröfurnar að aðstæðum á hverjum stað.

## Ákvæði í starfsleyfum eru í stórum dráttum eftirfarandi:

- *Að viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar*
- *Að beitt sé bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint*
- *Að orka sé vel nýtt*
- *Að dregið sé úr myndun úrgangs*
- *Að förgun úrgangs sé samkvæmt lögum og reglum*
- *Að komið skuli í veg fyrir mengunaráhöpp*
- *Að fyrirbyggja mengun þegar rekstur er stöðvaður*

Nokkur stærri fyrirtæki fá starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Starfsleyfi þeirra eru mun ítarlegri og þar geta komið fram kröfur um losunarmörk, innra eftirlit, reglubundnar vöktunarmælingar eða tilkynningaskyldu vegna óhappa.

## Samræming starfsleyfisskilyrða

Nú fer fram vinna við að skrifa samræmd starfsleyfisskilyrði, á grunni mengunarvarnarlöggjafar, fyrir enn fleiri atvinnugreinar en þegar hefur verið gert. Í vinnuhópi sitja fulltrúar Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Samtaka iðnaðarins. Kallað er eftir athugasemdum frá rekstaraðilum í viðkomandi grein. Á vefsetrinu [www.ust.is](http://www.ust.is) má nálgast gildandi samræmd starfsleyfisskilyrði.

Bryndís Skúladóttir

## Nýir félagsmenn

**RTS Net ehf.** Hjartavernd  
**Smíðshöfða 6** Holtasmára 1  
**110 Reykjavík** 201 Kópavogi  
**Mannvirkjagerð** Líftækni

**GT verktakar ehf.** Sölufélag Austur-Húnavetninga  
**Rauðhellu 1** Húnabraut 39  
**220 Hafnarfirði** 540 Blönduósi  
**Jarðvinnuverktaka** Matvælaíðnaður

**R. Sveinsson ehf.** KLH ehf.  
**Grensásvegi 12a** Holtasmára 1  
**108 Reykjavík** 201 Kópavogi  
**Jarðvinnuverktaka** Líftækni



## Vorfundur SUT

Vorfundur Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja verður haldinn 30. maí nk. kl. 15.00 í Bogartúni 35.

Á fundinum verður m.a. kynnt staða tilboðs um Þriðju stoðina sem iðnaðarráðherra var afhent á Iðnþingi í mars.



# Svipmyndir frá árshófi Samtakanna 2005



## Samstarfsvettvangur um hönnun framhald af bls. 5

### Markmið

Markmið Samstarfsvettvangs um hönnun er að auka samstarf hönnuða og atvinnulífs og efla verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Eitt af mikilvægustu viðfangsefnum vettvangsins er þróa og efla ímynd íslenskrar hönnunar og gera hana sýnilegri, hvort sem er á Íslandi eða erlendis að mati Guðbjargar. Hún segir ennfremur að mark-

mið slíks vettvangs séu margþætt líkt og sú hönnun sem vettvangurinn mun hýsa. „Angar þess munu teygja sig víða innan samfélagsins. Útgáfa, vefsetur, kynningar í fjölmiðlum, uppákomur, fræðsla, vörubrúun, tengslanet, samkeppni um hönnun og samstarf hönnuða þeirra á milli og við aðra geira atvinnu- og menningarlífsins eru nokkur af þeim mörgu verkefnum sem liggja fyrir“ segir Guðbjörg að lokum.

*Davíð Lúðvíksson*



# Steypustöðin með öfluga starfsemi á Reyðarfirði

Eitt þeirra fyrirtækja sem koma að byggingu álversins á Reyðarfirði er Steypustöðin ehf. Aðalstöðvar Steypustöðvarinnar hafa alla tíð verið í Reykjavík en á síðustu árum hefur fyrirtækið verið að færa út kvíarnar og komið sér upp steypustöðvum í Hafnarfirði og á Selfossi. Síðastliðið haust þegar verktakafyrirtækið Bechtel, sem er aðalverktaki við byggingu álversins á Reyðarfirði, bauð út framleiðslu og flutning á steypu varð Steypustöðin hlutskörpust.

Í framhaldi af því voru tvær nýjar færarlegar steypustöðvar keyptar til landsins. Minni stöðin getur framleitt 60 m<sup>3</sup> af steypu á klukkustund en hinn stærri getur framleitt 110 m<sup>3</sup> á sama tíma. En það eru ekki bara sjálfar stöðvarnar sem eru nýjar heldur á það einnig við um öll önnur tæki og búnað á staðnum, s.s. steypubíla, dælug og ámoksturstæki. Það er athyglisvert að Steypustöðin selur Bechtel ekki steypu, aðeins vinnu og þjónustu við að hræra, flytja og leggja steypuna niður. Bechtel leggur sjálft til sement, fylli- og bætiefni en athygli vekur að bæði mól og sandur koma frá Noregi.

## Miklar kröfur um öryggi og heilsu

Stöðvarnar voru reistar við erfiðar aðstæður í janúar og febrúar en þar sem verkið var vel undirbúið tókst að halda áætlan bæði hvað varðar tíma og kostnað.

Miklar kröfur eru gerðar til þeirra fyrirtækja sem vinna við álversframkvæmdirnar. Við þessa risaframkvæmd er óhætt að fullyrða að öryggis- og umhverfismál eru tekin fastari tökum en ýmsir eiga að venjast úr hinu hefðbundna verktaumhverfi hér á landi. Fyrirtækin, sem þarna koma að verki, hafa því þurft að temja sér nýja hugsun og nýtt verklag í þessum efnun.

## Frumkvæði

Stjórnendur Steypustöðvarinnar ákváðu strax í upphafi að sýna frumkvæði og láta sitt ekki eftir liggja til að standa undir kröfum og væntingum verkaupans á öllum sviðum.

Starfsmenn SI, sem þarna voru nýlega á ferð, fengu að skoða starfsemina að loknum fyrirlestri um öryggismál og eftir að hafa verið klæddir í viðeigandi öryggisklæðnað.

Á hverjum tíma eru 12 starfsmenn við vinnu í stöðinni og við akstur og dæluvinnu. Jákvæður og hressilegur andi einkenndi starfsmenn Steypustöðvarinnar þrátt fyrir oft á tíðum langan vinnudag og langt úthald frá sínum nánustu en unnið er í átján daga samfleytt og síðan frí í þrjá daga. Snryttimennska var í hávegum höfð jafnt úti sem inni, hreinn fatnaður starfsmanna, skúruð gólf, hrein borð, ekkert óhreint



leirtau í matsal og ekki annað að sjá en að allt væri í röð og reglu.

## Allir undirbúnir að morgni

Á hverjum morgni byrja allir starfsmenn á að hittast í matsalnum og gera skriflega áætlun um hvað þeir ætla að gera þann daginn. Stöðvarstjórinn, Stefán Geir Stefánsson, kynnir hvað er framundan, úthlutar verkefnum og hlutverkum þannig að sérhverjum starfsmanni er fullkomlega ljóst hvaða verkefni bíða hans þann daginn. Miðað við það íhugar sérhver þeirra, hvaða og hvar hættur kunna að leynast og skráir hvað hann hyggist gera til að forðast þær. Starfsmenn hefja því dagsverkið öruggir um eigin hlutverk með tiltekin markmið og ákveðnir í að koma heilir heim. Steypuvinna er hafin þótt ekki hafi verið byrjað að slá upp fyrir undirstöðum. Þrifalög, bílaplön og ýmsar fyllingar voru helstu verkefni þegar okkur bar að garði auk þess sem Steypustöðin selur öðrum verktökum og einstaklingum á Austurlandi steypu eftir þörfum.

Þegar greinarhöfundar yfirgáfu Steypustöðina á Reyðarfirði að heimsókn lokinni var verið að ljúka við að ganga frá eftir eril dagsins. Allt var orðið hreint, allir hlutir, vélar og tæki á sínum stað tilbúið til notkunar að loknum undirbúningsfundi næsta dag.

Ferdinand Hansen, Eyjólfur Bjarnason

# Styttist í framtíðarfyrirkomulag vinnustaðakennslu

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl beitt sér fyrir auknum skilningi á mikilvægi vinnustaðakennslu iðn- og starfsnáms til jafns við kennslu í skóla. Menntamálaráðuneytið hefur leitt vinnu um málefnið á grundvelli skýrslu SI „Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu“ (2001).

Í desember 2002 samþykkti ríkisstjórnin að skipaður yrði starfshópur með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins auk fulltrúa úr atvinnulífinu til að fylgjast með framkvæmd tilraunar um vinnustaðakennslu. Starfshópurinn skyldi jafnframt taka þátt í að meta niðurstöður tilraunarinnar. Meðal þess, sem starfshópnum var falið að fjalla um, er fjármögnun og kostnaðarskipting vegna aukinna krafna sem gerðar kunna að verða til vinnustaðanáms.

## Samkvæmt skipunarbréfi frá því í ágúst 2003 á hópurinn að:

1. Hafa yfirumsjón með tilraun um vinnustaðanáms sem ráðuneytið hefur ákveðið að gera og skipuleggja framkvæmd hennar á grundvelli skýrslu sem unnin var af sérstökum starfshópi og skilað til ráðherra með bréfi, dags. 5. júlí 2002.
2. Fjalla á breiðum grundvelli um æskilegt fyrirkomulag vinnustaðanáms til frambúðar, ábyrgð á náminu og eftirlit með því, fjármögnun og skiptingu kostnaðar. Í þessu sambandi skal hópurinn huga að því hvort nauðsynlegt sé að kveða sérstaklega á um einhverja þætti þessa máls í lögum eða reglugerðum.

## Tilraun um vinnustaðanáms

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu til menntamálaráðherra í september 2004. Þar er gerð grein fyrir lagalegri stöðu vinnustaðanáms á Íslandi og það sett í samhengi við slíkt nám á Norðurlöndum. Hópurinn telur að atvinnulífið muni á næstu árum og áratugum gera auknar kröfur til þess að vinnustaðanáms sé hluti af fagnámi: „Sífelld verður mikilvægara fyrir nemendur að nám þeirra á vinnustöðum sé metið með sambærilegum hætti og bóklegt fagnám og þeir fái vottorð um námið þegar þeir hafa lokið því.“

Starfshópurinn telur mikilvægt að samræma kröfur til þeirra sem annast vinnustaðanáms, ekki síst vegna þess að með auknum hreyfanleika fólks á vinnumarkaði þurfa einstaklingar í leit að vinnu að geta lagt fram mun betri upplýsingar og vottorð um fyrra nám og starfsreynslu. Með samræmdri framkvæmd á vinnustaðanámi verði auðveldara að meta vinnustaðanáms og gefa út vottorð um námið.

Í mars 2004 var hrundið í framkvæmd ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá því í desember 2002. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, undirritaði þá samning við fimm fræðsluaðila um þátttöku þeirra í tilraun um vinnustaðanáms. Meðal þeirra eru Fræðslumiðstöð málm-iðnaðarins, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina, Prenttækni-



stofnun, Sjúkraliðafélag Íslands og Viðskiptaháskólinn á Bifröst. Tilraunin skyldi taka um tvö ár og ljúka í árslok 2005. Tilraunin tekur til eftirtalinnar námsbrauta: Hársnyrtiðnar, kjötiðnar, prentsmíðar (grafískrar miðlunar), vélvirkjunar, sjúkraliðabrautar og diplómanáms fyrir verslunarstjóra.

## Verkefnið

Verkefnið sem einstakur fræðsluaðili eða fræðslumiðstöð tekur að sér að vinna er í stórum dráttum sem hér segir:

- 1) Fræðslumiðstöðin greinir þarfir nemandans fyrir nám og þjálfun og getur haft milligöngu um að finna vinnustað (fyrirtæki) sem fullnægir þörfum hans og gerir náms- og þjálfunaráætlun í samráði við hann.
- 2) Þegar vinnustaðurinn (fyrirtækið) hefur samþykkt að að taka nemandann í nám og þjálfun fær fræðslumiðstöðin náms- og þjálfunaráætlunina samþykkt hjá viðkomandi fyrirtæki og sér til þess að nemandinn og fyrirtækið geri með sér samning um þjálfunina. Í samningnum eru skilgreindar ábyrgð og skyldur hvors aðila um sig.
- 3) Fræðslumiðstöðin sér til þess að fyrirtækið tilnefni hæfan leiðbeinanda (meistara) sem ber ábyrgð á framvindu náms og þjálfunar nemandans að því er varðar þá þætti sem að fyrirtækinu snúa.
- 4) Í sumum tilvikum fær nemandinn í hendur ferilbók sem hann og leiðbeinandinn bera ábyrgð á að færð sé reglulega og með réttum hætti.

Þetta ferli gildir í öllum megindráttum hvort sem vinnustaðanámið fer fram samfelldt að loknu námi í skóla eða í lotum þar sem skiptist á nám í skóla og þjálfun á vinnustað.

Haldin hafa verið sérstök námskeið fyrir tilsjónarmenn (leiðbeinendur) vinnustaðakennslu. Þau þykja hafa tekist afar vel og sýna þörfina fyrir kerfisbundna uppbyggingu slíkrar kennslu.

## Úttekt á tilrauninni

Vinna er hafin við úttekt á tilraun um vinnustaðakennslu. Nemendur, tilsjónarmenn og stjórnendur fyrirtækja eru spurðir ýtarlega um ávinning af tilrauninni. Meðal annars er eftirfarandi metið: Innihaldslýsing vinnustaðanáms, ferilbækur, ávinningur fyrirtækja, kostnaður fyrirtækja, námskeið tilsjónarmanna, árangur fyrirtækja og nemenda. Niðurstöður úttektar liggja væntanlega fyrir í haust.

## Fjármögnun vinnustaðakennslu í framtíðinni

Starfshópurinn hefur ígrundað rækilega þær leiðir sem eru færar og ákjósanlegar til að fjármagna vinnustaðakennslu til frambúðar. Ræddar hafa verið skattaávilnanir til handa fyrirtækjum, sérstakir starfsmenntasjóðir, kennslan verði greidd af almennum sköttum, af tryggingagjaldi eða öðru gjaldi sem leggst á fyrirtæki.

Starfshópurinn tekur ekki afstöðu til þessara fjármögnunarleiða í skýrslunni en er hins vegar sammála um að fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu taki bæði til stjórnvalda og atvinnulífs. Þegar úttekt á tilrauninni liggur fyrir er þess að vænta að unnt verði að semja um fjárhagslega hlutdeild atvinnulífs og stjórnvalda í framtíðarfyrirkomulagi vinnustaðanáms.

Frekari ákvörðunar stjórnvalda í þessu máli verður að vænta í haust þegar störfum núverandi starfshóps um vinnustaðakennslu lýkur.

*Ingi Bogi Bogason*

## Illá þokkuðu eftirliti aflétt framhald af forsíðu

Þessi fyrirtæki gripu öll til varna, hin tvö síðarnefndu fyrir dómstólum og höfðu bæði sigur með fulltingi Samtaka iðnaðarins. Alls má telja að fjórir dómur hafi fallið við héraðsdómstóla landsins þar sem einstök fyrirtæki voru leyst undan eftirlitinu og má heita að lengi vel hafi sýslumenn vart framfylgt því þar eð auðsætt þótti að lagasmíðin væri gölluð. Þrátt fyrir þessa þróun mála streittist samgönguráðuneytið við í tvö ár og má telja að erindi Samtaka iðnaðarins til ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur hafi valið straumhvörfum í málinu því að sú nefnd beindi fyrirætlum til samgönguráðuneytisins um að endurskoða eftirlitið. Eftir lagasetningu Alþingis er niðurstaðan sú að iðn- og verktakafyrirtæki, sem stunda flutninga í eigin þágu, heyrja ekki lengur undir eftirlitið. Þá hefur aðferðinni við eftirlit verið breytt. Í stað hins harkalega eftirlits Vegagerðar og lögreglu kemur svonefnt jafningjaeftirlit greinarinnar en í því felst að menn verða að kæra þá sem þeir telja fara í bága við lögin og á grundvelli slíkrar kæru er málið rannsakað. Við hjá SI fögnum þessari niðurstöðu og vonum að hún þýði að lagaframkvæmd, sem við töldum afkáralega, verði hætt.

*Kristrún Heimisdóttir*

# „Biblíá“ málmíðnaðarins endurútgefin

Ein er sú bók sem margir starfsmenn málmíðnaðarfyrirtækja hafa miklar mætur á. Bókin er eins konar biblíá þeirra og missi þeir hana úr augnsýn verður uppi fótur og fit. Þá finnst mönnum þeir vera handalausir og allar bjargir bannaðar enda er þar að finna helstu upplýsingar sem fagmenn í málm- og véltækni þurfa á að halda í daglegum störfum. Þar er fjallað á 400 síðum um grundvallaratriði í stærðum og einingum, fagteikningum og táknum, efnisfræði, framleiðslutækni, prófunum og samsetningum svo að nokkuð sé nefnt.

Þessi bók bóka er Töflubókin. Hún hefur nú verið gefin úr í annað sinn endurbætt og þar liggur að baki mikil vinna sem Gylfi Einarsson hjá Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins stjórnaði af alkunnri festu og útsjónarsemi. Margir aðrir komu að þessari endurútgáfu og hafa allir unnið gott starf enda bókin ákaflega vel úr garði gerð. Hér er um að ræða þýðingu og undirbúning handrits, faglegan yfirllestur en ekki síst setningu og umbrot sem telja verður til meiri háttar afreks okkar góða prentiðnaðar. IÐNÚ bókaútgáfa gefur bókina út.

Ekki verður svo skilið við frásögn af þessari þörfu útgáfu að ekki sé minnst á frumkvöðul eldri Tölvubókarinnar, Ólaf Eiríksson, sem af dæmafárru elju og hugsjón kom henni út á sínum tíma. Frumkvæði hans og kraftur gleymast engum sem kynntust. Nú hefur málm- véltækniíðnaðurinn fengið sína grundvallarbók og henni verður áreiðanlega flett oft og víða og það svo að eftir nokkur ár verða mörg eintökin orðin snjád og lúin af mikilli notkun.

*Ingólfur Sverrisson*



# VIÐ ÓSKUM ÍSLENSKUM PRENTIÐNAÐI TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

Þann 9. maí 2005  
voru liðin 150 ár  
frá því að Friðrik VII  
Danakonungur  
undirritaði tilskipun  
9. maí 1855 þess efnis  
að á Íslandi skyldi  
ríkja prentfrelsi.



## DAGAR ÍSLENSKS PRENTIÐNAÐAR 22. OG 23. SEPTEMBER 2005

Efnt verður til glæsilegrar ráðstefnu fimmtudaginn 22. september undir yfirskriftinni - **Frá hugmynd til markaðar** - en þar munu virtir innlendir og erlendir fyrirlesarar halda erindi. Að auki verður efnt til margvíslegra viðburða en dagskráin verður nánar kynnt síðar.